

# ZIKA VEIRA

Tilmæli til ljósmæðra og lækna í mæðravernd samkvæmt tilmælum á vef Embættis landlæknis.

Zíkaveiran uppgötvaðist fyrst í Mið-Afríku á fimmta áratug síðustu aldar. Sýking af völdum veirunnar var talin sjaldgæf og bundin við Afríku og Asíu. Veirurnar smitast með moskítóflugum og valda oftast litlum sem engum einkennum. Einkennin lýsa sér með hita, útbrotum, liðverkjum og tárubólgu. Þau vara frá nokkrum dögum til viku og leiða sjaldan til sjúkráhúsvistar. En vorið 2015 varð vart við mikla útbreiðslu zíkaveiru í Brasilíu og samtímis sást aukning á fósturskaða sem leiddi til vaxtarskerðingar heilans (microencephaly) og Guillain-Barré-Syndrome (GBS).

Rannsóknir í kjölfarið sýndu tengsl zíkaveirusýkingar á fyrsta og öðrum þriðjungi meðgöngu við meðfæddar vanskapanir í miðtaugakerfi og höfuðsmæð hjá fósturum og nýfæddum börnum. Minna er vitað um zíkaveirusýkingar á síðasta þriðjungi meðgöngunnar og þar til meiri þekking hefur fengist er rétt að líta á zíkaveirusýkingu sem ógn alla meðgönguna.

1. Kanna hvort konur sem koma í mæðravernd hafi **verið á svæðum** (sjá neðar) þar sem Zíkaveira smitast með moskítóflugum **á síðustu 9 mánuðum**.
  - a. Ef kona hefur verið á ferð á slíkum svæðum er mælt til þess að frekari rannsókn fari fram. Rannsókn felst í ómskoðun af fósturi til að skoða höfuð m.t.t. smæðar eða kalkana. Ómskoðun er gerð við fyrsta tækifæri og síðan er þörf á endurtekningu.
2. Kanna hvort konan hafi eða hafi **fengið einkenni** um zíkaveirusýkingu.
  - a. Ef kona er með einkenni Zíkaveirusýkingar er mælt með blóðsýni fyrir mótefnamælingu og PCR mælingu (sýni sent utan í samráði við veirufræðideild LSH). Ómskoðun af fósturi. Hafa samráð við ráðgefandi fæðingalækni.
  - b. Ef kona er með sögu um einkenni sem mögulega voru vegna Zíkaveiru en er einkennalaus er nægjanlegt að taka blóðsýni fyrir mótefnamælingu (sýni sent til utan í samráði við veirufræðideild LSH). Ómskoðun af fósturi. Hafa samráð við ráðgefandi fæðingalækni
  - c. Ef eitthvert sýnanna er jákvætt fyrir zíkaveiru er konunni vísað í áhættumæðravernd. Þrátt fyrir að merki finnist um smit er ekkert hægt að segja til um mögulegt smit til barns eða áhrif á heilsu þess.

## ÚTBREIÐSLA ZÍKAVEIRU Í HEIMINUM

Varðandi útbreiðslu zíkaveiru má skoða vefsíðu WHO <http://www.who.int/emergencies/zika-virus/en/>. Flest smit hafa orðið í Mið og Suður-Ameríku.

Í lok júlí 2016 varð í fyrsta sinn vart við smit zíkaveiru með moskítóflugum í Bandaríkjunum.

Tilkynnt smit í heiminum 2017 og 2018 eru mun færri en árið 2016.

## EINKENNI

Talið er að flestir (80%) þeirra sem smitast af zíkaveiru fái engin einkenni en hjá þeim sem veikjast (20%) eru algengustu einkennin hiti, útbrot, liðverkir og hvarmabólga. Einkennin vara frá nokkrum dögum upp í viku en leiða sjaldan til sjúkráhusvistar. Í mjög sjaldgæfum tilvikum er talið að veiran geti valdið heilkenni bráðrar fjöltaugabólgu (Gullain-Barré syndrome).

## NÁNAR UM RANNSÓKNIR Á ZÍKAVEIRU

Rannsóknir sem beinast að því að staðfesta eða útiloka sýkingu af völdum Zíkaveiru. Þessar rannsóknir eru tvenns konar:

- Mótefnaeining í blóði IgM og/eða IgG. IgM mótefni geta orðið greinanleg u.þ.b. 5 dögum eftir byrjun einkenna en túlkun mótefnasvars getur reynst erfið vegna mögulegrar krosssvörunar við aðrar skyldar veirur.
- Greining á erfðaeftni veirunnar (PCR). Þessi mæling er gerð á blóði og/eða þvagi sjúklings. Hægt er að sýna fram á veiruna í blóði í allt að eina viku eftir upphaf veikinda og í allt að 10 daga í þvagi. Einnig er hægt að mæla erfðaeftni í legvatni. Á þessum tíma er ekki hægt að greina Zíkaveiru á Íslandi og því verður að senda sýni til utan til greiningar. Áður en sýni er tekið til greiningar er mælt með að haft sé samband við vakthafandi sérfræðing á veirufræðideild LSH.

## FLÆÐIRIT VEGNA RANNSÓKNA Á BARNSHAFANDI KONUM SEM FERÐAST HAFA TIL SVÆÐA ÞAR SEM SMIT ZÍKAVEIRU BERST MEÐ MOSKÍTÓFLUGUM



Flæðiritið birtist í: Zíkaveiruleiðbeiningar fyrir mæðravernd. Embætti landlæknis, 2016.

MÆÐRAVERND ÞÍH ENDURSKOÐAÐ JANÚAR 2020